

Mynda- brengr

Í SÍÐASTA TÖLUBLAÐI LÆKNA-
blaðsins birtist greinin **Gjald-
skrárkerfi sem stýringartæki heil-
brigðisyfirvalda** eftir **Guðmund
Pálsson** sérfræðing í heimilis-
lækningum í Noregi (Lækna-
blaðið 2001; 87: 567-8). Ekki vildi
betur til en svo að með greininni
birtist mynd af alnafna hans, sem
reyndar er einnig sérfræðingur í
heimilislækningum en starfar hér
á landi.

Um leið og birt er rétt mynd af
Guðmundi Pálssyni í Noregi eru



þeir nafnar báðir beðnir af-
sökunar.

Félag íslenskra landsbyggðarlækna

Ályktun aðalfundar

AÐALFUNDUR FÉLAGS ÍSLENSKRA LANDSBYGGÐARLÆKNA,
haldinn í Borgarnesi 12. maí 2001 vekur athygli stjórnvalda á því
ófremdarástandi sem ríkir í heilbrigðisþjónustu landsbyggðar-
innar. Um nokkurra ára skeið hafa 15-20 læknisstöður á
landsbyggðinni verið ómannaðar eða setnar læknum um stundar
sakir. Ástandið hefur versnað og er nú svo komið að í sumum
héruðum er brostinn á flótti þar sem álag og starfsskilyrði eru
algerlega óviðunandi. Fyrirsjáanlegt er að verði ekki gripið inn í
þessa atburðarás með róttækum hætti muni þeim
læknishéruðum fjölga sem sjá að baki læknum sínum til annarra
starfa.

Aðalfundurinn telur að hefðbundin úrræði dugi ekki lengur,
því verði stjórnvöld að grípa til nýrra og róttækra úrræða til
lausnar vandans.